



**182 . fundur í stjórn Strætó bs.  
Föstudaginn 21. júní 2013, kl. 08.00**

**Haldinn að Þönglabakka 4 (Mjódd)**

### **Fundargerð**

**Mætt eru:** Einar Örn Benediktsson, Bryndís Haraldsdóttir, Rannveig Ásgeirsdóttir varamaður fyrir Gunnar I Birgisson, Gunnar Axelsson varamaður fyrir Sigríði Björk Guðjónsdóttur, Sigrún Edda Jónsdóttir, Sturla Þorsteinsson. Viðstaddir voru einnig Reynir Jónsson, framkvæmdastjóri og Einar Kristjánsson ritaði fundargerð.

**Fjarverandi:**

#### **1. Leiðakerfismál**

Farþegafjöldi í strætó farið mjög vaxandi á undanförunum misserum. Þessum vexti fylgja þeir verkir að tímaáætlanir leiða er aka í núverandi leiðakerfi standast ekki lengur og því brýnt að bregðast við með skjótum hætti.

Vegna fyrirkomulags um mótun og framkvæmd fjárhagsáætlana sveitarfélaga og Strætó bs. eru heimildir stjórnar til ákvarðana um slíkar breytingar (sem jafnan eru þá til magnaukningar þjónustu) ekki fyrir hendi svo skýrt sé og því eiga stjórnendur erfitt með að bregðast við nema að fengnu samþykki viðkomandi borgar- og bæjarráða – en sá ferill er allur nokkuð langsóttur.

Mikilvægt er að fram fari umræða í stjórn byggðasamlagsins um heimildir stjórnar og stjórnenda til ákvarðana í slíkum tilfellum. Formaður stjórnar og fulltrúi Reykjavíkur mun kynna sitt framlag til umræðunnar á fundinum.

EÖB kynnti minnisblað sem RJ hafði unnið vegna þessa máls þar sem mikil vandræði hafa skapast vegna mikilla seinkana á leið 15.

SEU  
SP  
BIBLI  
EKK



Tillagan er því sú að stofna sérstakan sjóð í fjárhagsáætlun til að fjármagna breytingar fyrsta fjárhagsárið sem ófyrirséðar voru við gerð fjárhagsáætlunar og því ekki ráðgerðar þar.

Málinu frestað til næsta fundar

## 2. Endurnýjun vagna

Eins og tilkynnt hefur verið var vagnakaupaferli Strætó bs. stöðvað af kærunefnd útboðsmála (KNÚ) í annað sinna á skömmum tíma. Úrskurður KNÚ er bráðabirgðaúrskurður og hefur lögmaður Strætó bs. lagt fram andsvör við úrskurðinum til KNÚ.

RJ gerði grein fyrir stöðu mála.

## 3. Þróun farþegafjölda og framlög ríkisins

Á 181. fundi stjórnar óskaði fulltrúi Kópavogs í stjórn Strætó bs., Gunnar I. Birgisson, eftir upplýsingum um þróun farþegafjölda frá þeim tíma er akstur hófst með framlögum ríkisins þann 1. september 2012 til loka apríl mánaðar 2013 ásamt yfirliti yfir framlög ríkisins yfir sama tímabil.

Minnisblað frá sviðsstjóra skipulags- og þróunarviðs var lagt fram á fundinum. EK og RJ kynntu niðurstöður þess.

## 4. Verkefnið: "Strætó í vinnuna"

Upp hefur komið sú hugmynd að verkefni þess efnis að hvetja almenning til að taka strætó til og frá vinnu. Verkefnið skirskotar til samskonar verkefnis sem hefur gengið undir heitinu „Hjólað í vinnuna“ og er verkefni sem stendur í eina viku og hvetur starfsmenn vinnustaða til að hjóla í vinnuna.

Hugmyndin gengur út á að verkefnið „Strætó í vinnuna“ verði framlag Strætó bs. og eigenda þess inn í evrópska samgönguviku sem haldin er í september á hverju ári.

## 5. Bílastæðahús og strætó

Lögð var fram meðfylgjandi tillaga í borgarstjórn Reykjavíkur. Skv. henni mun málið koma á borð Strætó bs. Því er efnt til umræðu um málið í stjórn á þessum fundi þar sem ekki er fyrirhugaður fundur í júlí mánuði.

EÖB kynnti umræðuna í borgarstjórn vegna þessa og um hvað hún fjallaði.

## 6. Innsend erindi

Meðfylgjandi erindi barst í tölvupósti frá áhyggjufullu foreldri á Akranesi, sökum þess að sonur hans hafi þurft að ferðast með leið 57 án þess að hafa sæti og geta þannig notað öryggisbelti.

BH  
sp  
SE  
EÖB  
R. K.

Málinu vísað til SSV.

HK hefur sótt um frían aðgang fyrir þátttakendur á alþjóðlegu handbolta-  
móti í júní á næsta ári.

Málinu vísað til framkvæmdastjóra til úrlausnar.

7. Fundartími stjórnar

Næstu fundir

9. ágúst 2013 – Fyrsti vinnufundur vegna fjárhagsáætlunar.

13. ágúst 2013 – Annar vinnufundur vegna fjárhagsáætlunar.

Eyða Ben líkta  
Söfn Edda Jous d  
Gaug Ág.  
Brynar Haralds  
Skula Þóskinnar